



Seyðisfjarðarskóli

Forvarnarstefna Seyðisfjarðarskóla

Forvarnir er mjög vítt hugtak og tekur á mörgum þáttum í daglegu lífi. Forvarnir hefjast fyrst og fremst hjá fjölskyldunni og er því grundvallaratriði að hún standi traustum fótum. Skólinn og skipulagt félagsstarf leikur einnig stórt hlutverk í lífi barnanna okkar og er því nauðsynlegt að góð samvinna sé á milli þessara aðila um markvisst forvarnarstarf.

Stefna Seyðisfjarðarskóla í forvörnum er að stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum og jákvæðri lífssýn nemenda sinna og vinna gegn sjálfseyðandi hegðun. Þessari stefnu vinnur forvarnarfulltrúi skólans að í samstarfi við aðra kennara, skólahjúkrunarfræðing og þjónustufulltrúa Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Eftirfarandi eru almenn markmið Seyðisfjarðarskóla í forvörnum:

- Þjálfar nemendur í að tjá hugsanir sínar, skoðanir og tilfinningar á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.
- Nemendur læri að efla samskiptahæfni sína og læri að leysa ágreining.
- Nemendur séu fræddir um gildismat, ábyrgð og gagnkvæma virðingu.
- Efla sjálfsþekkingu nemenda og aðstoða þá við að byggja upp jákvæða og skýra sjálfsmynd.
- Fræða nemendur um skaðsemi vímuefna og mikilvægi hollra lífshátta.
- Skólinn verði vímuefnalaus, þar verði tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna ekki neytt.
- Efla samstarf við foreldra, fræðslumálayfirvöld, félagsmiðstöð, heilsugæslu, félagsþjónustu, frjáls félagasamtök og lögreglu um samræmdar aðgerðir gegn neyslu vímuefna (10 punkta hópur).
- Vinna markvisst gegn einelti og efla þannig skólann sem umhyggjusamt samfélag.



Seyðisfjarðarskóli

Framkvæmd

- Forvarnarfulltrúi er starfandi við skólann.
- Eineltismál verða unnin samkvæmt eineltisáætlun skólans (sjá eineltisáætlun Seyðisfjarðarskóla).
- Stuðlað að námi og kennslu við hæfi hvers einstaklings til að sjálfsmynd hans styrkist.
- Aðstoða nemendaráð skólans við uppákomur þar sem nemendur geta skemmt sér hver með öðrum án þess að vímuefni komi við sögu.
- Fastir tímar hjúkrunarfræðings í skólanum þar sem allir nemendur hafa kost á viðtölum.
- Ávallt sé brugðist strax við áföllum samkvæmt áfallaáætlun skólans, hvort sem það er meðal nemenda eða starfsfólks (sjá áfallaáætlun Seyðisfjarðarskóla).
- Kennsla í lífsleikni.
- Reglusemi, útivist ungmenna og vímuefnalaus skóli verði ávallt rædd í nemenda- og foreldraviðtölum með umsjónarkennara að hausti.
- Banni við neyslu vímuefna í skóla, á skólalóð, í skólaferðalögum og í félagsmiðstöð fylgt fast eftir (sjá viðbragðsáætlun Seyðisfjarðarskóla vegna vímuefnaneyslu).
- Árlega boðið upp á einhverskonar fræðslu í samráði við foreldrafélag, félagsmiðstöð, félagsþjónustu, heilsugæslu og lögreglu.
- Mikilvægt er að allir starfsmenn skólans komi að mótun og viðhaldi æskilegrar hegðunar sem er grunnur að góðum og jákvæðum aga.